

SAMÞYKKT

um skipulagsnefnd Grindavíkurbæjar.

1. gr.

Skipulagsnefnd fer með skipulagsmál bæjarins í umboði bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari. Samþykkt þessi byggir á því sem lög og reglugerðir kveða á um ásamt samþykkt um stjórn og fundarsköp Grindavíkurbæjar.

2. gr.

Skipulagsnefnd er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara, kosnum af bæjarstjórn. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann. Kjörtímabil hennar er það sama og bæjarstjórnar. Nefndin skal halda gerðabók og skulu fundargerðir hennar sendar bæjarstjórnar til kynningar. Fundir skulu haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði eða eins oft og þurfa þykir. Boða skal til fundar ef meirihluti nefndarmanna fer fram á slíkt. Slökkviliðsstjóri situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt, þegar málefni tengd brunavörnum eru til umfjöllunar. Séu ákvæði í lögum eða samstarfssamningum um seturétt aðila utan nefndarinnar, þegar um mál þeim tengd er fjallað, skal þess gætt að þau ákvæði séu uppfyllt.

3. gr.

Fulltrúar í skipulagsnefnd skulu gæta þagmælsku um einkamálefni fólks sem fjallað er um á fundum nefndarinnar. Fulltrúi skal víkja af fundi sé hann vanhæfur til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála skv. 20. gr. laga nr. 138/2011. Heimilt er að kalla til varamann fyrir viðkomandi fulltrúa.

4. gr.

Hlutverk og verkefni skipulagsnefndar

- Að fara með hlutverk skipulagsnefndar sbr. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsnefnd hefur ekki heimild til fullnaðarafgreiðslu deiliskipulagsáætlana nema með þeim undantekningum sem greindar eru í 6. gr.
- Að gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í skipulagsmálum og taka ákvarðanir á grundvelli skipulagslaga.
- Að hafa eftirlit með að stefna bæjaryfirvalda í skipulagsmálum á hverjum tíma sé haldin.
- Að hafa forræði í skipulagsmálum í bæjarfélaginu í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni.
- Að gera tillögu til bæjarstjórnar um gjaldtöku vegna gjaldsskyldrar þjónustu sem heyrir undir verksvið nefndarinnar.
- Að leggja mat á þá þjónustu sem veitt er á vegum sveitarfélagsins í skipulagsmálum með tölulegum upplýsingum og könnunum á meðal bæjarbúa. Einnig að fjalla um þær kvartanir sem berast vegna þjónustunnar.
- Að fara yfir tillögur forstöðumanna að fjárhagsáætlun hvers árs hvað varðar þá liði sem falla undir verksvið nefndarinnar og gæta þess í ákvörðunum sínum að halda áætlanir þegar að framkvæmdum kemur.
- Að vera bæjarstjórn til ráðgjafar í skipulagsmálum.

- Að gæta þess að ákvæðum stjórnarsýslulaga við meðferð mála sé hlýtt.
- Að vera bæjarstjórn til ráðgjafar varðandi málefni sem tengjast auðlindstefnu Grindavíkurbæjar.
- Að vinna að öðrum þeim verkefnum sem bæjarstjórn felur nefndinni á hverjum tíma.
- Að fara með verkefni samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, laga um mannvirki nr. 160/2010 og samþykktum bæjarstjórnar og fylgjast með að ákvæðum þeirra sé fylgt eftir .

5. gr.

Hlutverk og verkefni skipulagsnefndar um umferðar- og öryggismál

- Skipulagsnefnd fer með verkefni umferðar- og öryggismála. Tveir til fjórir fulltrúar íbúa skulu valdir til ráðgjafar af skipulagsnefnd í kjölfar auglýsingar á heimasíðu bæjarins. Ráðningartími ráðgjafa er kjörtímabilið.
- Haldnir verðar einn til tveir fundir á ári um umferðar- og öryggismál.
- Fulltrúi lögreglunnar á Suðurnesjum hefur heimild til að sitja fundinn með málfrelsi og tillögurétt.
- Að fara með verkefni umferðarmála í sveitarfélaginu samkvæmt umferðarlögum.
- Að hafa umsjón með og vera bæjarstjórn til ráðgjafar um málefni er tengjast umferðaröryggisáætlun Grindavíkurbæjar.
- Að gera tillögur til bæjarstjórnar um skipulag almenningssamgangna, m.a. akstursleiðir og staðsetningu biðskýla.

6. gr.

Heimildir til fullnaðarafgreiðslu

Skipulagsnefnd er heimilt sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, að afgreiða án staðfestingar bæjarstjórnar eftirfarandi mál á verksviði hennar, sbr. 1. mgr. 6. gr. Taka skal mið af 7. gr. við ákvörðun.

- a. Breytingar á deiliskipulagi, sbr. 43 gr. og 44. gr. skipulagslaga þar sem engar athugasemdir hafa verið gerðar við á athugasemdartíma.
- b. Samþykkja byggingaráform fyrir breytingum á atvinnuhúsnæði sem samræmist skipulagi.
- c. Samþykkja grenndarkynningar og samþykkt byggingaráforma þar sem deiliskipulag er ekki fyrir hendi, og engar athugasemdir berast á kynningartíma.
- d. Skiptingu á lóðum sbr. 48. gr. skipulagslaga.
- e. Skipulagsnefnd gerir tillögu til bæjarstjórnar um nafngiftir á hverfum, götum og torgum.

7. gr.

Skipulagsnefnd er heimild fullnaðarafgreiðsla mála skv. 6. gr. ef:

- a. Lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því.
- b. Þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun.

- c. Þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.
- d. Varða ekki afgreiðslu á svæðis og aðalskipulagi.

8.gr.

Skipulagsnefnd getur ávallt ákveðið að vísað málum skv. 6. gr. til bæjarstjórnar þrátt fyrir heimildir þessarar samþykktar.

9. gr.

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er ráðgjafi nefndarinnar og sér um ritun fundargerða, nema nefndin ákveði annað. Hann undirbýr fundi í samstarfi við formann og framkvæmir ákvarðanir nefndarinnar eftir að skipulagsnefnd/bæjarstjórn hefur staðfest þær.

10. gr.

Aðila máls er heimild að kæra ákvörðun skipulagsnefndar eða starfsmanns hennar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, eða annars æðra stjórnvalds. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt um eða mátti verða kunnugt um ákvörðunina.

11. gr.

Samþykkt á fundi skipulagsnefnda þann 17.02.2020. Samþykkt þessi tekur gildi með samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 25.02.2020